

2007 nr. 78 30. mars**Lög um starfstengda eftirlaunasjóði**

Tóku gildi 1. júlí 2007. EES-samningurinn: IX. viðauki tilskipun 2003/41/EB. Breytt með l. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefna svið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við fjármála- og efnahagsráðherra eða fjármála- og efnahagsráðuneyti sem fer með lög þessi.

■ 1. gr. Gildissvið laganna.

□ Lög þessi gilda um starfstengda eftirlaunasjóði í skilningi tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/41/EB, um starfsemi og eftirlit með lögadilum sem sjá um starfstengd eftirlaun.

□ Lög þessi taka ekki til:

1. Lífeyrissjóða sem falla undir reglugerð (EBE) nr. 1408/71, um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem flytjast á milli aðildarríkja, og reglugerð (EBE) nr. 574/72, um breytingu á málsmeðferð við innleiðingu reglugerðar (EBE) nr. 1408/71.

2. Sjóða sem falla undir tilskipun 73/239/EBE, um samræmingu á lögum og stjórnáslufyrirmælum til að hefja og reka starfsemi á sviði frumtrygginga annarra en líftrygginga, tilskipun 85/611/EBE, um samræmingu á lögum og stjórnáslufyrirmælum um fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum (UCITS), tilskipun 93/22/EBE, um fjárfestingarþjónustu á sviði verðbréfavíðskipta, tilskipun 2000/12/EB, um stofnun og rekstur lánastofnana, og tilskipun 2002/83/EB, um líftryggingar.

3. Sjóða sem reknir eru með gegnumstreymiskerfi.

4. Sjóða þar sem sjóðfélagar hafa ekki lögvarinn rétt til lífeyris og iðgjaldagreiðendur geta krafist greiðslna sinna aftur án þess að skyldum til greiðslu lífeyris sé fullnægt.

■ 2. gr. Skilgreiningar.

□ Í lögum þessum merkir:

Aðildarfyrirtæki: Fyrirtæki eða annar aðili sem starfar sem vinnuveitandi eða er sjálfstætt starfandi og greiðir framlög til starfstengds eftirlaunasjóðs.

Eftirlaunaréttindi: Réttindi sem eru greidd þegar eftirlaunaaldri er náð eða þegar þess er vænst að honum verði náð eða þegar þau eru greidd sem viðbótarframlag, í formi greiðslna við andlát, örorku eða starfslok, eða í formi stuðningsgreiðslna eða þjónustu vegna sjúkdóms, fátæktar eða andláts.

Samningur um eftirlaunaréttindi: Samningur, samkomulag eða reglur sem fela í sér hvaða eftirlaunaréttindi eru tryggð og hvaða skilyrði þarf að uppfylla.

Sjóðfélagi: Einstaklingur sem á rétt á eða mun eiga rétt á starfstengdum eftirlaunagreiðslum á grundvelli iðgjaldagreiðslna í samræmi við ákvæði samnings um eftirlaunaréttindi.

Starfstengdur eftirlaunasjóður: Lögadili sem starfar, á sjóðmynduðum grundvelli, aðskilinn frá þeim aðila sem greiðir iðgjöldin, í þeim tilgangi að tryggja eftirlaunarétt í samræmi við samninga þar um.

■ 3. gr. Aðild að starfstengdum eftirlaunasjóðum.

□ Aðild að starfstengdum eftirlaunasjóðum skal byggjast á samningi á milli starfsmanna og vinnuveitanda þeirra. Þá er sjálfstætt starfandi aðilum heimilt að semja um aðild að starfstengdum eftirlaunasjóðum.

■ 4. gr. Skilyrði fyrir starfsemi starfstengds eftirlaunasjóðs.

□ [Ráðuneytið]¹⁾ veitir starfstengdum eftirlaunasjóði starfsleyfi að uppfylltum sömu skilyrðum og koma fram í V. kafla

laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

□ Ákvæði 18. gr. og IV. og VI.–X. kafla laga nr. 129/1997 gilda um starfsemi starfstengdra eftirlaunasjóða nema annað komi fram í lögum þessum. Ákvæði 36. gr. laga nr. 129/1997 gildir þó ekki um starfsemi starfstengdra eftirlaunasjóða.

□ Starfstengdur eftirlaunasjóður skal vera skráður hjá Fjármálaeftirlitinum og háður eftirliti þess. Starfstengdur eftirlaunasjóður skal takmarka starfsemi sína við rekstur sem varðar starfstengd eftirlaun. Starfsemi starfstengds eftirlaunasjóðs skal vera fjárhagslega og lagalega aðskilin frá starfsemi aðildarfyrirtækis.

¹⁾ L. 126/2011, 464. gr.

■ 5. gr. Fjárfestingarreglur starfstengdra eftirlaunasjóða.

□ Starfstengdur eftirlaunasjóður skal móta fjárfestingarstefnu og ávaxta fé sjóðsins með hliðsjón af þeim kjörum sem best eru boðin á hverjum tíma með tilliti til ávöxtunar og áhættu. Í því skyni skulu fjárfestingar sjóðsins vera í samræmi við eftirfarandi reglur:

1. Við fjárfestingar í eignum skal hafa hagsmuni sjóðfélaga og eftirlaunaþega að leiðarljósi. Ef um er að ræða hugsanlegan hagsmunaárekstur skal sjóðurinn eða einingin sem stýrir safni hans sjá til þess að fjárfestingin sé eingöngu í þágu sjóðfélaga.

2. Fjárfest skal í eignum með þeim hætti að öryggi, gæði, lausafjárstaða og arðsemi safnsins í heild sé tryggt.

3. Fyrst og fremst skal fjárfest með eignunum á skipulegum mörkuðum. Fjárfesting í eignum, sem eru ekki skráðar á skipulegum fjármálamarkaði, verður ávallt að vera innan varfærnismarka.

4. Fjárfesting í afleiddum gerningum skal möguleg að því marki sem þeir geta dregið úr fjárfestingaáhættu eða stuðlað að skilvirkri stýringu eignasafnsins. Þá skal meta á varfærnisgrundvelli, með hliðsjón af eigninni sem liggur til grundvallar, og fella inn í matið á eignum sjóðsins. Sjóðurinn skal einnig forðast óþarfa áhættu gagnvart einum mótadila og gagnvart annarri notkun afleiðna.

5. Eignirnar skulu vera nægilega fjölbreytilegar þannig að komast megi hjá því að treyst sé óþarfliga mikið á tiltekna eign, útgefanda eða fyrirtækjamstæðu og uppsöfnun áhættu í eignasafninu í heild. Fjárfestingar í eignum, sem eru gefnar út af sama útgefanda eða af útgefendum sem tilheyra sömu samstæðu, skulu ekki leiða til þess að sjóðurinn lendi í óhóflegri áhættusambjöppun.

6. Fjárfesting í aðildarfyrirtæki skal ekki vera meiri en 5% eignasafnsins í heild og, þegar aðildarfyrirtæki er hluti af samstæðu, skal fjárfesting í fyrirtækjum í sömu samstæðu og aðildarfyrirtæki tilheyra ekki vera yfir 10% eignasafnsins.

□ Ákvæði 5. og 6. tölul. 1. mgr. eiga ekki við gagnvart fjárfestingum í ríkisskuldabréfum.

■ 6. gr. Varasjóður.

□ Starfstengdur eftirlaunasjóður skal mynda varasjóð umfram skuldbindingar til að standa undir sveiflum vegna lífeyrskerfa þar sem sjóðurinn sjálfur en ekki aðildarfyrirtæki ber líffræðilega áhættu eða þar sem gefið er loforð um ákveðna ávöxtun eða ákveðin réttindi. Varasjóðurinn skal endurspegla eignir og áhættugerð allra lífeyrskerfa sem sjóðurinn starfærkir og vera varanlegur. Eignir í varasjóði skulu ekki vera háðar fyrirsjáanlegum skuldbindingum heldur vera varafjármagn vegna mismunar milli áætlaðra og raunverulegra gjalda og hagnaðar.

■ **7. gr.** *Upplýsingaskylda starfstengdra lífeyrissjóða.*

□ Starfstengdur lífeyrissjóður skal veita sjóðfélögum og lífeyrisþegum eftirfarandi upplýsingar óski þeir eftir því:

a. upplýsingar um meginefni fjárfestingarstefnu skv. 37. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997, þar sem fram koma a.m.k. upplýsingar um aðferðir sjóðsins við mælingar á áhættu, aðferðir við áhættustjórnun og markmið um eignasamsetningu með tilliti til eðlis og líftíma skuldbindinga,

b. í þeim tilvikum þegar sjóðfélagi ber fjárfestingaáhættu, ítarlegar og greinargóðar upplýsingar um fjárfestingarvalkosti, ef við á, og raunverulega eignasamsetningu auk upplýsinga um stig áhættu og kostnað tengdan fjárfestingum,

c. ítarlegar og greinargóðar upplýsingar um ráðstafanir vegna flutnings á réttindum þeirra til annars starfstengds eftirlaunasjóðs vegna loka ráðningarsamnings.

□ Við starfslok eða þegar réttur til útgreiðslu réttinda skapast skal senda sjóðfélaga viðeigandi upplýsingar um réttindin og valkosti við útgreiðslu þeirra.

■ **8. gr.** *Iðgjaldagreiðslur frá öðrum ríkjum.*

□ Starfstengdum eftirlaunasjóði sem hefur starfsleyfi hér á landi er heimilt að veita viðtöku iðgjaldi vegna starfsmanns sem starfar í öðru ríki.

□ Þegar um er að ræða iðgjaldagreiðslur frá aðildarríki Evrópska efnahagssvæðisins skal viðkomandi eftirlaunasjóður tilkynna Fjármálaeftirlitinu frá hvaða aðildarríki Evrópska efnahagssvæðisins iðgjaldagreiðslan kemur, nafn greiðanda og helstu einkenni viðkomandi samnings.

□ Fjármálaeftirlitið skal láta eftirlitsaðila í öðru aðildarríki Evrópska efnahagssvæðisins í té upplýsingar skv. 2. mgr. og tilkynna viðkomandi eftirlaunasjóði þar um. Að því loknu er eftirlaunasjóðnum heimilt að veita iðgjaldi viðtöku vegna starfsmanns sem starfar í öðru aðildarríki Evrópska efnahagssvæðisins í samræmi við lög og reglur aðildarríkisins.

■ **9. gr.** *Eftirlit.*

□ Fjármálaeftirlitið getur krafist þess að tiltekni þættir í starfsemi starfstengds eftirlaunasjóðs verði takmarkaðir eða stöðvaðir tímabundið í því skyni að koma í veg fyrir háttsemi sem er talin andstæð ákvæðum laga þessara en einkum ef:

a. sjóðurinn verndar ekki með fullnægjandi hætti hagsmunum sjóðfélaga og lífeyrisþega,

b. sjóðurinn uppfyllir ekki lengur skilyrði fyrir starfsleyfi,

c. sjóðurinn vanrækir með alvarlegum hætti að rækja skyldur sínar samkvæmt þeim reglum sem gilda um starfsemi hans,

d. um starfsemi í öðru landi er að ræða og sjóðurinn virðir ekki kröfur vinnu- og félagsmálagöggjafar gistiríkis er snerta starfstengdan lífeyri.

□ Ákvörðun um að takmarka eða stöðva tiltekna þætti í starfsemi starfstengds eftirlaunasjóðs skal ítarlega rökstudd og tilkynnt sjóðnum.

□ Fjármálaeftirlitið getur krafist kyrrsetningar eigna starfstengds eftirlaunasjóðs reynist sjóðurinn ekki gjaldhæfur að mati Fjármálaeftirlitsins eða eigi stofnunin ekki skyldubundinn varasjóð, sbr. 6. gr.

■ **10. gr.** *Refsiákvæði.*

□ Um brot gegn lögum þessum fer skv. 55. gr. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

■ **11. gr.** *Reglugerðarheimild.*

□ [Ráðherra]¹⁾ er heimilt að kveða nánar á um framkvæmd laganna með reglugerð.

¹⁾ L. 126/2011, 464. gr.

■ **12. gr.** *Innleiðing.*

□ Lög þessi fela í sér innleiðingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/41/EB, um starfsemi og eftirlit með lögáðilum sem sjá um starfstengd eftirlaun, eins og hún var tekin upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 88/2006 sem birt var 19. október 2006 í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 52.

■ **13. gr.** *Gildistaka.*

□ Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2007.

Fylgiskjal.

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/41/EB frá 3. júní 2003 um starfsemi og eftirlit með stofnunum sem sjá um starfstengdan lífeyri

EVROPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 47. gr. (2. mgr.), 55. gr. og 95. gr. (1. mgr.),

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar (¹⁾),

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna (²⁾),

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans (³⁾),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Einn heill og óskiptur markaður fyrir fjármálaþjónustu hefur mikla þýðingu fyrir hagvöxt og atvinnusköpun í Bandalaginu.

2) Gríðarlegur árangur hefur þegar náðst í að stofna innri markaðinn sem gerir fjármálastofnunum kleift að starfa í öðrum aðildarríkjum og tryggir víðtæka vernd fyrir neytendum fjármálaþjónustu.

3) Í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar „Að setja ramma um starfsemi fjármála markaða: aðgerðaáætlun“ er gerð grein fyrir röð aðgerða sem nauðsynlegar eru til að gera innri markað fyrir fjármálaþjónustu að veruleika og á fundi leiðtoga ráðsins í Lissabon 23. og 24. mars 2000 var kallað eftir framkvæmd þeirrar aðgerðaáætlunar eigi síðar en 2005.

4) Í aðgerðaáætluninni fyrir fjármálaþjónustu er lögð rík áhersla á brýna nauðsyn þess forgangsverkefnis að semja drög að tilskipun um varfærniseftirlit með stofnunum um starfstengdan lífeyri í ljósi þess að þessar stofnanir eru mikilvægar fjármálastofnanir og gegna lykilhlutverki í því að tryggja samþættingu, skilvirkni og lausafjárstöðu fjármála markaða, en falla ekki undir samfelldan lagaramma Bandalagsins en það gerir þeim kleift að nýta sér til fulls gagnlega kosti innri markaðarins.

5) Almennatryggingakerfi verða fyrir sífellt meiri þrýstingi og þess vegna verður í framtíðinni enn frekar treyst á starfstengdar lífeyrisgreiðslur sem viðbótartryggingavernd. Af þeim sökum skal þróa starfstengdar lífeyrisgreiðslur, án þess þó að dregið sé í efa mikilvægi lífeyristryggingar almennatryggingakerfa sem veita örugga, varanlega og árangursríka, félagslega vernd, sem skulu tryggja sanngjörn lífskjör á efri árum og skulu því vera kjarninn í því að stuðla að styrkari félagsgerð Evrópu.

6) Með þessari tilskipun er þannig tekið fyrsta skrefið í átt að innri markaði fyrir starfstengdan lífeyri sem er skipulagður um alla Evrópu. Með því að beita varfærnisreglunni (pru-

dent person rule) sem meginreglunni að baki fjárfestingum og með því að stofnunum er gert kleift að stunda rekstur yfir landamæri er hvatt til þess að sparifé sé aftur beint í geirann fyrir starfstengdan lífeyri og þannig stuðlað að efnahagslegum og félagslegum framförum.

7) Varfærnisreglunum, sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun, er ætlað hvort tveggja, að tryggja víðtækt öryggi lífeyrisþega í framtíðinni með setningu strangra eftirlitsstaðla og að auðvelda skilvirka stjórnun starfstengdra lífeyriskerfa.

8) Stofnunum, sem eru algjörlega aðskildar frá aðildarfyrirtækjum og eru reknar á grundvelli fjármögnunar með það eitt að markmiði að annast eftirlaunagreiðslur, skal veitt frelsi til að veita þjónustu og frelsi til fjárfestinga, þó með fyrirvara um samræmdar varfærniskröfur, óháð því hvort litið er á þessar stofnanir sem lögaðila.

9) Aðildarríkin skulu, í samræmi við dreifræðisregluna, bera áfram fulla ábyrgð á uppbyggingu lífeyriskerfa sinna og á því hvernig þau ákveða hvaða hlutverki hver og ein stöðanna þriggja í lífeyriskerfum einstakra aðildarríkja gegnir. Innan ramma annarrar stöðarinnar skulu þau einnig bera fulla ábyrgð á hlutverki og starfsemi hinna ýmsu stofnana sem greiða út starfstengd lífeyrisréttindi, s.s. lífeyrissjóða atvinnugreina, lífeyrissjóða félaga og líftryggingafélaga. Tilskipuninni er ekki ætlað að draga þetta fyrirkomulag í efa.

10) Innlendar reglur um þátttöku sjálfstætt starfandi einstaklinga í stofnunum um starfstengdan lífeyri eru mismunandi. Í sumum aðildarríkjum geta stofnanir um starfstengdan lífeyri ýmist starfað á grundvelli samninga við atvinnugrein eða atvinnugreinasamtök þar sem sjóðfélagarnir koma fram sem sjálfstætt starfandi eða með beinum samningum við sjálfstætt starfandi og launaða einstaklinga. Í sumum aðildarríkjum getur sjálfstætt starfandi einstaklingur einnig orðið aðili að stofnun ef sjálfstætt starfandi einstaklingurinn starfar sem vinnuveitandi eða veitir fyrirtæki faglegra þjónustu sína. Í sumum aðildarríkjum geta sjálfstætt starfandi einstaklingar ekki orðið aðilar að stofnun um starfstengdan lífeyri nema að uppfylltum tilteknum skilyrðum, þ.m.t. eru skilyrði sem eru lögbundin með félagsmála- og vinnulöggjöf.

11) Stofnanir, sem hafa umsjón með almannatryggingakerfum sem hafa þegar verið samræmd á vettvangi Bandalagsins, skulu undanskildar gildissviði þessarar tilskipunar. Þó skal taka tillit til sérstöðu stofnana sem bæði stýra almannatryggingakerfum og starfstengdum lífeyriskerfum í einu og sama aðildarríkinu.

12) Fjármálastofnanir, sem nýta sér nú þegar lagaramma Bandalagsins, skulu að öllu jöfnu falla utan gildissviðs þessarar tilskipunar. Þó er mikilvægt að tryggja að þessi tilskipun leiði ekki til röskunar á samkeppni vegna þess að í sumum tilvikum bjóða þessar stofnanir einnig þjónustu innan starfstengdra lífeyriskerfa. Komast má hjá slíkri röskun með því að beita varfærniskröfum þessarar tilskipunar gagnvart rekstri starfstengds lífeyris hjá líftryggingafélögum. Framkvæmdastjórnin skal einnig hafa vökult eftirlit með aðstæðum á markaðinum fyrir starfstengdan lífeyri og meta hvort unnt sé að rýmka valfrjálsa beitingu þessarar tilskipunar þannig að hún nái einnig til annarra fjármálastofnana sem starfa samkvæmt lögum.

13) Þegar stefnt er að því að tryggja fjárhagslegt öryggi á eftirlaunaárum skulu réttindagreiðslur frá stofnunum um starfstengdan lífeyri að öllu jöfnu vera lífeyrir til áviloka. Einnig skal vera möguleiki á tímabundnum greiðslum eða eingreiðslu.

14) Mikilvægt er að tryggja að eldra fólk og fatlaðir lendi ekki í þeim aðstæðum að þurfa að búa við fátækt og að það geti notið mannsæmandi lífshjálpa. Viðeigandi trygging fyrir áhættu er tengist ævilíkum manna í starfstengdum lífeyriskerfum er mikilvægur þáttur í baráttunni gegn fátækt og ööryggi meðal aldraðra. Þegar lífeyriskerfi er komið á skulu vinnuveitendur og launamenn, eða fulltrúar þessara tveggja hópa, skoða þann möguleika að í lífeyriskerfinu felist einnig trygging sem nær yfir áhættu vegna langlífis og skertrar starfsgetu auk lífeyris til eftirlifenda sem voru á framfæri hins látna.

15) Það getur auðveldað eftirlit í sumum aðildarríkjum ef þeim er gefinn sá kostur að undanskilja stofnanir, sem sjá um kerfi þar sem sjóðfélagar eru samtals innan við 100, frá gildissviði innlendra framkvæmdarlöggjafarstofnana, án þess þó að slíkt grafi undan eðlilegri starfsemi innri markaðarins í þessum geira. Þetta ætti þó ekki að draga úr rétti þessara stofnana til að tilnefna forstöðumenn fjárfestinga og vörsluaðila með staðfestu í öðru aðildarríki og tilhlýðilegt umboð til að stýra fjárfestingasamvali þeirra og vörslu á eignum þeirra.

16) Stofnanir eins og „Unterstützungskassen“ í Þýskalandi, þar sem sjóðfélagar hafa engin lagaleg réttindi til tiltekinnar fjárhæðar réttindagreiðslna og hagsmunir þeirra eru varðir með lögbodðinni skyldutryggingu gegn gjaldþroti, skulu ekki falla undir gildissvið þessarar tilskipunar.

17) Í því skyni að vernda félaga og lífeyrisþega skulu stofnanir um starfstengdan lífeyri takmarka starfsemi sína þannig að hún nái aðeins til þeirrar starfsemi sem um getur í þessari tilskipun og starfsemi sem af henni leiðir.

18) Ef til þess kemur að aðildarfyrirtæki verður gjaldþrota stendur félagi andspænis þeirri hættu að missa bæði starf sitt og áunnin lífeyrisréttindi sín. Þetta skapar þá nauðsyn að tryggja að skýr skil séu á milli fyrirtækisins og stofnunarinnar og að mælt sé fyrir um lágmarksvarfærnisviðmiðanir í því skyni að vernda félaga.

19) Umtalsverður munur er á því í aðildarríkjunum hvernig stofnanir um starfstengdan lífeyri starfa og hvernig eftirliti með þeim er háttað. Í sumum aðildarríkjum getur eftirlit verið haft bæði með stofnuninni sjálfri og einnig einingum eða félögum sem heimilað er að stýra þessum stofnunum. Aðildarríki skulu vera fær um að taka tillit til slíkrar sérstöðu svo fremi sem allar kröfur, sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun, séu uppfylltar. Aðildarríkin skulu einnig vera fær um að heimila váttryggingafyrirtækjum og öðrum fjármálafyrirtækjum að stýra stofnunum um starfstengdan lífeyri.

20) Stofnanir um starfstengdan lífeyri eru veitendur fjármálaþjónustu en þeir bera ríka ábyrgð við greiðslu starfstengdra eftirlaunaréttinda og af þeim sökum skulu þeir uppfylla tiltekin lágmarksviðmið um varfærni að því er varðar starfsemi sína og rekstrarskilyrði.

21) Vegna feikilegs fjölda stofnana í tilteknum aðildarríkjum er nauðsynlegt að finna hagnýta lausn á því hvernig hægt er að veita stofnunum starfsleyfi fyrir fram. Ef, á hinn bóginn, stofnun æskir þess að stýra kerfi í öðru aðildarríki skal krefjast þess að lögbært yfirvald í heimaaðildarríkinu hafa veitt starfsleyfi fyrir fram.

22) Sérhvert aðildarríki skal krefjast þess að sérhver stofnun á yfirráðasvæði þess geri ársreikninga og ársskýrslur þar sem fram kemur sérhvert lífeyriskerfi sem stofnunin rekur og, þar sem við á, ársreikningar og ársskýrslur fyrir hvert þeirra. Ársreikningarnir og ársskýrslurnar, sem gefa glögga

mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu stofnunarinnar, þar sem tekið er tillit til allra lífeyriskerfa sem stofnunin stýrir og viðurkenndir aðilar hafa samþykkt, eru mikilvæg upplýsingaheimild fyrir félag og lífeyrisþega kerfa sem og lögbær yfirvöld. Sér í lagi gera þær lögbærum yfirvöldum kleift að fylgjast með fjárhagslegum styrkleika stofnunar og að þau geti metið hvort stofnunin hafi getu til að standa við allar samningsbundnar skuldbindingar sínar.

23) Það er höfuðatriði að sjóðfélagar og lífeyrisþegar lífeyriskerfis fái réttar upplýsingar. Einkum skiptir þetta máli vegna beiðna um upplýsingar varðandi fjárhagslegan styrkleika stofnunarinnar, samningsreglurnar, réttindin og raunfjármögnun áunninna lífeyrisréttinda, fjárfestingastefnu og áhættu- og kostnaðarstýringu.

24) Fjárfestingastefna stofnunar er ákvarðandi þáttur bæði fyrir öryggi og hagkvæmni starfstengdra lífeyrisgreiðslna. Stofnanirnar skulu því setja fram og endurskoða að lágmarki á þriggja ára fresti greinargerð um meginreglur við fjárfestingar. Hún skal vera aðgengileg lögbærum yfirvöldum og einnig sjóðfélögum og lífeyrisþegum í hverju lífeyriskerfi, sé þess óskað.

25) Til að lögbær yfirvöld geti sinnt lögboðnu hlutverki sínu skulu þau hafa fullnægjandi réttindi til að fá upplýsingar og heimildir til íhlutunar að því er varðar stofnanir og aðilana sem stjórna þeim í reynd. Í því tilvikum að stofnun um starfstengdan lífeyri hefur yfirfært verulega mikilvæg verkefni til annarra félaga (utankaup), s.s. stýringu fjárfestinga, upplýsingatækni eða bókhald, skal vera unnt að útvíkka réttindi til að fá upplýsingar og heimildir til íhlutunar þannig að þau ná yfir þessi utanaðkeyptu verkefni til þess að unnt sé að hafa eftirlit með því hvort þessari starfsemi sé sinnt í samræmi við eftirlitsreglur.

26) Það er grundvallarskilyrði að reikna tryggingaskuld með varfærni til að tryggja að unnt sé að standa við skuldbindingar um greiðslu eftirlauna. Reikna skal tryggingaskuld á grundvelli viðurkenndra tryggingafræðilegra aðferða og hún skal vottuð af hæfum aðilum. Velja skal hámarksvexti með varfærni í samræmi við viðeigandi innlendar reglur. Lágmarksfjárhæð tryggingaskuldar skal nægja bæði fyrir réttindagreiðslum sem þegar eru greiddar til lífeyrisþega og verða greiddar áfram sem og fyrir skuldbindingum sem myndast vegna áunninna lífeyrisréttinda sjóðfélaga.

27) Verulegur munur er í aðildarríkjunum á því til hvers konar áhættu tryggingar taka hjá stofnunum. Heimaaðildarríki skulu því eiga þess kost að setja viðbótarreglur sem eru ítarlegri en þær sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun um útreikning á tryggingaskuld.

28) Nægar og viðeigandi eignir, sem standa undir tryggingaskuld, vernda hagsmuni sjóðfélaga og lífeyrisþega lífeyriskerfisins ef aðildarfyrirtækið verður gjaldþrota. Einkum á það við þegar starfsemi fer fram yfir landamæri en þá er nauðsynlegt, samkvæmt gagnkvæmri viðurkenningu á eftirlitsreglum sem beitt er í aðildarríkjum, að tryggingaskuld sé ævinlega fjármögnuð að fullu.

29) Ef starfsemi stofnunar fer ekki fram yfir landamæri skal aðildarríkjum unnt að heimila vanfjármögnun að því tilskildu að gerð sé viðeigandi áætlun um að koma aftur á fullri fjármögnun og með fyrirvara um kröfur sem gerðar eru í tilskipun ráðsins 80/987/EBE frá 20. október 1980 um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um vernd til handa launþegum verði vinnuveitandi gjaldþrota⁽⁴⁾.

30) Oft getur það verið aðildarfyrirtækið en ekki stofnun-

in sjálf sem sér annaðhvort fyrir nægum tryggingum vegna hvers kyns áhættu sem tengist ævilíkum manna eða ábyrgist tiltekin réttindi eða árangur af fjárfestingum. Í sumum tilvikum er það þó stofnunin sjálf sem sér um þessa tryggingu eða ábyrgðir og skuldbindingar þess aðila sem greiðir til hennar eru einungis bundnar til greiðslu nauðsynlegra framlaga. Við slíkar aðstæður eru þær tryggingar, sem í boði eru, samþærilegar þeim sem líftryggingafélög bjóða og hlutaðeigandi stofnanir skulu að lágmarki eiga jafnmikið viðbótar eigið fé og líftryggingafélög.

31) Stofnanir eru fjárfestar sem fjárfesta til mjög langs tíma. Að öllu jöfnu er ekki unnt að innleysa eignir þessara stofnana í neinum öðrum tilgangi en að sjá fyrir eftirlaunum. Í því skyni að verja réttindi sjóðfélaga og lífeyrisþega á fullnægjandi hátt skulu stofnanir enn fremur vera færar um að velja eignaskiptingu sem fellur nákvæmlega að eðli og gildistíma skuldbindinga þeirra. Þessir þættir kalla á skilvirkt eftirlit og nálgun við fjárfestingarreglur sem veita stofnunum nægilegan sveigjanleika til að ákveða öruggustu og skilvirkustu fjárfestingastefnuna og skyldar þær til að sýna varfærni. Sé farið að varfærnisreglunni (prudent person rule) krefst það fjárfestingarstefnu sem er sniðin að samsetningu sjóðfélaga sérhverrar stofnunar um starfstengdan lífeyri.

32) Eftirlitsaðferðir og -venjur eru mismunandi í aðildarríkjunum. Þess vegna skulu aðildarríkin hafa nokkuð valfrelsi um nákvæmar fjárfestingareglur sem þau æskja að setja um stofnanir sem eru á þeirra yfirráðasvæði. Þessar reglur skulu þó ekki takmarka frjálsa fjármagnsflutninga nema slíkt sé réttlætjanlegt út frá varfærnisþjónarmiði.

33) Vegna þess að stofnanir um starfstengdan lífeyri eru langtímafjárfestar með litla lausafjáraáættu er þeim fært að fjárfesta í bundnum eignum, s.s. hlutabréfum og einnig í áhættufjármagnsmörkuðum innan varfærnismarka. Þær geta einnig nýtt sér kosti alþjóðlegrar fjölbreytni. Af þeim sökum skal ekki takmarka fjárfestingu í hlutabréfum, áhættufjármagnsmörkuðum og gjaldmiðlum, öðrum en þeim sem skuldarnar eru í, að öðru leyti en út frá varfærni.

34) Ef starfsemi stofnunarinnar fer fram yfir landamæri getur þó verið að lögbær yfirvöld gistiaðildarríkisins æski þess að það virði mörk um fjárfestingar í hlutabréfum og samþærilegum eignum, sem eru ekki skráð á skipulegan markað, í hlutabréfum og öðrum gæringum sem gefin eru út af sama fyrirtæki eða í eignum, sem eru ekki í samstæðum gjaldmiðlum, að því tilskildu að þessar reglur eigi einnig við um stofnanir í gistiaðildarríkinu.

35) Takmarkanir varðandi frjálst val stofnana á viðurkenndum forstöðumönnum eigna og vörsluaðilum takmarka samkeppni á innri markaðinum og skal því fella þær niður.

36) Með fyrirvara um innlenda félagsmála- og vinnulöggjöf um skipulag lífeyriskerfa, þ.m.t. skylduaðild og niðurstöður almennra kjarasamninga, skulu stofnanir hafa möguleika á að veita þjónustu sína í öðrum aðildarríkjum. Þeim skal heimilað að taka við greiðslum frá fyrirtækjum í öðrum aðildarríkjum og að starfrækja lífeyriskerfi þar sem sjóðfélaganir eru í fleiri en einu aðildarríki. Þetta gæti hugsanlega leitt til töluverðrar stærðarhagkvæmni fyrir þessar stofnanir, bætt samkeppnishæfni atvinnulífsins í Bandalaginu og ýtt undir hreyfanleika vinnuafis. Þetta krefst gagnkvæmrar viðurkenningar varfærnisviðmiða. Lögbær yfirvöld í heimaaðildarríkinu skulu hafa eftirlit með því að þessum varfærnisviðmiðunum sé framfylgt á réttan hátt.

37) Ef stofnun í aðildarríki nýtir sér réttinn til að starfrækja starfstengt lífeyriskerfi, sem samið er um í öðru aðildarríki, skal hún fara að öllu leyti að ákvæðum gildandi félagsmála- og vinnulöggjafar í gístiaðildarríkinu að svo miklu leyti sem það varðar starfstengdan lífeyri, t.d. skilgreiningu og greiðslu eftirlauna og skilyrði varðandi yfirfærslu lífeyrisréttinda.

38) Þegar kerfi er haldið aðgreindu skulu ákvæði þessarar tilskipunar gilda sérstaklega um það kerfi.

39) Mikilvægt er að kveða á um samstarf um eftirlit milli lögbærra yfirvalda aðildarríkjanna og samstarf í öðru skyni milli þessara yfirvalda og framkvæmdastjórnarinnar. Lögbær yfirvöld skulu, í því skyni að sinna skyldum sínum og stuðla að samkvæmni og tímanlegri framkvæmd þessarar tilskipunar, veita hvert öðru upplýsingar sem eru nauðsynlegar til að unnt sé að beita ákvæðum tilskipunarinnar. Framkvæmdastjórnin hefur látið í ljós ætlun sína að koma á fót nefnd eftirlitsmanna til þess að hvetja til samvinnu, samræmingar og skoðanaskipta milli innlendra lögbærra yfirvalda og til þess að stuðla að samræmdri framkvæmd þessarar tilskipunar.

40) Þar sem aðildarríkin geta ekki með fullnægjandi hætti náð því markmiði sem fyrirhuguð aðgerð felur í sér, þ.e. að koma á lagaramma í Bandalaginu sem nær yfir stofnanir um starfstengdan lífeyri, og auðveldara er fyrir Bandalagið að ná markmiðinu vegna þess hve aðgerðin er umfangsmikil og hefur víðtæk áhrif, getur Bandalagið samþykkt ráðstafanir í samræmi við dreifráðisregluna, eins og segir í 5. gr. sáttmálans. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og kveðið er á um í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari tilskipun til að ná þessu markmiði.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

■ 1. gr. Viðfangsefni

□ Í þessari tilskipun eru settar reglur um stofnun og rekstur starfsemi sem stofnanir um starfstengdan lífeyri stunda.

■ 2. gr. Gildissvið

□ 1. Tilskipunin gildir um stofnanir um starfstengdan lífeyri. Í þeim tilvikum að stofnanir um starfstengdan lífeyri hafa ekki réttarstöðu lögaðila í samræmi við innlend lög skulu aðildarríki beita þessari tilskipun annaðhvort gagnvart þessum stofnunum eða, með fyrirvara um 2. mgr., gagnvart aðilum sem veitt hefur verið leyfi og bera ábyrgð á rekstri þeirra og koma fram fyrir þeirra hönd.

□ 2. Tilskipun þessi gildir ekki um:

a) stofnanir sem stýra almannatryggingakerfi og falla undir reglugerð (EBE) nr. 1408/71 ⁽⁵⁾ og reglugerð (EBE) nr. 574/72 ⁽⁶⁾,

b) stofnanir sem falla undir tilskipun 73/239/EBE ⁽⁷⁾, tilskipun 85/611/EBE ⁽⁸⁾, tilskipun 93/22/EBE ⁽⁹⁾, tilskipun 2000/12/EB ⁽¹⁰⁾ og tilskipun 2002/83/EB ⁽¹¹⁾,

c) stofnanir sem reknar eru með gegnumstreymiskerfi,

d) stofnanir þar sem starfsmenn aðildarfyrirtækjanna hafa engan lagalegan rétt til réttinda og aðildarfyrirtækið getur innleyst eignirnar hvenær sem er og þarf ekki endilega að fullnægja skuldbindingum sínum um greiðslu eftirlauna,

e) félög með sjóði sem ekki byggja á sjóðsöfnun í því skyni að greiða starfsmönnum sínum eftirlaun.

■ 3. gr. Beiting að því er varðar stofnanir sem starfrækja almannatryggingakerfi

□ Stofnanir um starfstengdan lífeyri, sem einnig starfrækja skyldubundin atvinnutengd lífeyriskerfi sem litið er á sem almannatryggingakerfi sem falla undir reglugerðir (EBE) nr. 1408/71 og (EBE) nr. 574/72, skulu falla undir þessa tilskipun að því er varðar þann hluta þeirra sem er vegna

starfstengdra lífeyrisgreiðslna sem ekki eru skyldubundnar. Í slíku tilviki skulu skuldbindingunum og samsvarandi eignum haldið aðgreindum og ekki skal unnt að yfirfæra þær til skyldubundinna lífeyriskerfa sem litið er á sem almannatryggingakerfi eða öfugt.

■ 4. gr. Valfrjáls beiting að því er varðar stofnanir sem falla undir tilskipun 2002/83/EB

□ Heimaaðildarríki geta kosið að beita ákvæðum 9.–16. gr. og 18.–20. gr. þessarar tilskipunar gagnvart rekstri váttryggingafélaga, sem falla undir tilskipun 2002/83/EB, sem annast starfstengdan lífeyri. Í því tilviki skal halda aðgreindum, stýra og skipuleggja allar eignir og skuldbindingar, sem samsvara fyrrgreindum rekstri, og hafa þær aðgreindar frá allri annarri starfsemi váttryggingafélagsins, og enginn möguleiki skal vera á yfirfærslu.

Váttryggingafélög skulu, í því tilviki og aðeins að því er varðar rekstur varðandi starfstengdan lífeyri, ekki falla undir 20.–26. gr., 31. gr. og 36. gr. tilskipunar 2002/83/EB.

Heimaaðildarríkið skal tryggja að annaðhvort lögbær yfirvöld eða þau yfirvöld, sem bera ábyrgð á eftirliti með váttryggingafélögum, sem falla undir tilskipun 2002/83/EB, og það sé hluti af eftirlitsverkefnum þeirra, sannreyni að rekstur varðandi starfstengdan lífeyri sé algerlega aðskilinn öðrum rekstri.

■ 5. gr. Litlar lífeyrisstofnanir og almannatryggingakerfi

□ Aðildarríki geta valið að beita ekki þessari tilskipun, að fullu eða að hluta, að undanskilinni 19. gr., gagnvart öllum stofnunum á yfirráðasvæðum þeirra sem starfrækja lífeyriskerfi þar sem sjóðfélagar þeirra allra eru alls innan við 100. Með fyrirvara um 2. mgr. 2. gr. skulu þessar stofnanir þó eiga rétt á að beita þessari tilskipun ef þau æskja þess. Einungis er heimilt að beita 20. gr. ef öll önnur ákvæði þessarar tilskipunar gilda.

Aðildarríki geta valið að beita ekki 9.–17. gr. gagnvart stofnunum sem annast lögboðinn starfstengdan lífeyri sem opinber yfirvöld ábyrgjast. Einungis er heimilt að beita 20. gr. ef öll önnur ákvæði þessarar tilskipunar gilda.

■ 6. gr. Skilgreiningar

□ Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „stofnun um starfstengdan lífeyri“ eða „stofnun“: stofnun, án tillits til rekstrarforms að lögum, sem rekin er með fjármögnun og er stofnuð aðskilin frá aðildarfyrirtæki eða atvinnugrein í þeim tilgangi að annast atvinnutengdar eftirlauna- og greiðslur á grundvelli samkomulags eða samnings:

– sem er gerður fyrir hvern og einn eða í heild milli vinnuveitanda eða vinnuveitanda og starfsmanns eða starfsmanna eða fulltrúa þeirra hvors eða hvorra um sig eða

– sem er gerður við sjálfstætt starfandi aðila í samræmi við löggjöf heima- og gístiaðildarríkjanna, og annast starfsemi sem rekja má beint til þess,

b) „lífeyriskerfi“: samningur, samkomulag, vörslusjóðskjal eða reglur sem kveða á um greiðslu eftirlauna og þá með hvaða skilyrðum,

c) „aðildarfyrirtæki“: fyrirtæki eða annar aðili, hvort sem til þess teljast eða það samanstendur af einum eða fleiri lög- aðilum eða einstaklingum, sem starfar sem vinnuveitandi eða er sjálfstætt starfandi eða með einhverri slíkrri samsetningu og greiðir framlög til stofnunar um starfstengdan lífeyri,

d) „eftirlaun“: réttindi sem eru greidd út þegar eftirlauna-aldri er náð eða þegar þess er vænst að honum verði náð eða

þegar þau eru greidd sem viðbótarframlag, í formi greiðslna við andlát, örorku eða starfslok, eða í formi stuðningsgreiðslna eða þjónustu vegna sjúkdóms, fátæktar eða andláts. Í því skyni að stuðla að fjárhagslegu öryggi á eftirlaunaárum eru þessi réttindi yfirleitt í formi ævilangra greiðslna. Þetta geta þó einnig verið tímabundnar greiðslur eða eingreiðslur,

e) „sjóðfélagi“: einstaklingur sem á rétt á eða mun eiga rétt á eftirlaunum í krafti atvinnu sinnar í samræmi við ákvæði lífeyriskerfis,

f) „lífeyrisþegi“: aðili sem fær greidd eftirlaun,

g) „lögbær yfirvöld“: innlend yfirvöld sem eru tilnefnd til að inna af hendi þær skyldur sem kveðið er á um í þessari tilskipun,

h) „áhætta sem tengist ævilíkum manna“: áhætta tengd andláti, örorku og langlífi,

i) „heimaaðildarríki“: aðildarríkið þar sem stofnunin er með skráða skrifstofu sína og aðalskrifstofu eða aðalskrifstofu ef hún er ekki með skráða skrifstofu,

j) „gístiaðildarríki“: aðildarríkið þar sem félagsmála- og vinnulöggjöf sem tengist starfstengdum lífeyriskerfum á við um tengslin milli aðildarfyrirtækisins og sjóðfélaga.

■ 7. gr. Starfsemi stofnunar

□ Sérhvert aðildarríki skal krefjast þess að stofnanir, sem eru innan yfirráðasvæðis þess, takmarki starfsemi sína við rekstur, tengdan lífeyri og starfsemi sem af þeim leiðir.

Þegar váttryggingafyrirtæki stýrir rekstri sínum varðandi starfstengdan lífeyri með því að halda eignum sínum og skuldum aðgreindum, í samræmi við 4. gr., skulu aðgreindu eignirnar og skuldirnar takmarkast við rekstur, tengdan eftirlaunum og starfsemi sem leiðir beint af þeim.

■ 8. gr. Lögformlegur aðskilnaður milli aðildarfyrirtækja og stofnana um starfstengdan lífeyri

□ Sérhvert aðildarríki skal tryggja að aðildarfyrirtæki og stofnun um starfstengdan lífeyri séu lögformlega aðskilin svo að eignir stofnunarinnar séu varðar í þágu sjóðfélaga og lífeyrisþega í því tilviki að aðildarfyrirtækið yrði gjaldþrota.

■ 9. gr. Skilyrði varðandi rekstur

□ 1. Sérhvert aðildarríki skal tryggja eftirfarandi að því er varðar sérhverja stofnun sem er á yfirráðasvæði þess:

a) að lögbært eftirlitsyfirvald skrái stofnunina í innlenda skrá eða veiti henni leyfi; ef um er að ræða starfsemi yfir landamæri, sem um getur í 20. gr., skal einnig koma fram í skránni í hvaða aðildarríkjum stofnunin er með rekstur,

b) að stofnunin sé rekin á hagkvæman hátt af einstaklingum með óflekkað mannorð og þeir verði að hafa viðeigandi starfsmenntun og hæfi eða hafi í vinnu sinni ráðgjafa með viðeigandi starfsmenntun og hæfi og reynslu,

c) að komið hafi verið til framkvæmda reglum um starfrækslu lífeyriskerfa sem stofnunin rekur og þær hafi verið settar á viðeigandi hátt og sjóðfélögum hafi verið kynntar þessar reglur nægilega vel,

d) að allar tryggingaskuldir séu reiknaðar og vottaðar af tryggingafræðingi eða, ef tryggingafræðingur sér ekki um það, af öðrum sérfræðingi á þessu sviði, m.a., í samræmi við innlenda löggjöf, af endurskoðanda á grundvelli tryggingafræðilegra aðferða sem viðurkenndar eru af lögbærum yfirvöldum í heimaaðildarríkinu,

e) að aðildarfyrirtækið ábyrgist greiðslu eftirlauna í því tilviki að það hafi skuldbundið sig til reglulegrar fjármögnunar,

f) sjóðfélagarnir séu nægilega vel upplýstir um skilyrði lífeyriskerfisins, einkum varðandi:

i) réttindi og skyldur þeirra aðila sem eiga aðild að lífeyriskerfinu,

ii) fjárhagslega, tæknilega og aðra áhættu, tengda lífeyriskerfinu,

iii) eðli og dreifingu þessarar áhættu.

□ 2. Í samræmi við dreifræðisregluna og að teknu tilhlýðilegu tilliti til umfangs lífeyrisgreiðslna sem almannatryggingakerfi bjóða geta aðildarríki kveðið á um að sjóðfélögum standi til boða trygging sem nær yfir langlífi og örorku, greiðslur til eftirlifandi aðstandenda og trygging fyrir endurgreiðslu framlaga í formi viðbótarréttinda ef vinnuveitendur og starfsmenn eða fulltrúar þeirra hvorra um sig koma sér saman um það.

□ 3. Aðildarríki getur sett skilyrði um rekstur stofnunar á yfirráðasvæði þess sem eru háð öðrum kröfum í því skyni að tryggja að hagsmunir sjóðfélaga og lífeyrisþega séu varðir með fullnægjandi hætti.

□ 4. Aðildarríki getur heimilað eða krafist þess að stofnanir á yfirráðasvæði þess feli rekstur þessara stofnana, að öllu leyti eða að hluta, öðrum einingum sem starfa fyrir hönd þessara stofnana.

□ 5. Í því tilviki að starfsemin nái yfir landamæri, eins og um getur í 20. gr., skulu skilyrði fyrir rekstri stofnunarinnar vera með fyrirvara um að lögbær yfirvöld heimaaðildarríkisins hafi veitt henni starfsleyfi fyrir fram.

■ 10. gr. Ársreikningar og ársskýrsla

□ Sérhvert aðildarríki skal krefjast þess að sérhver stofnun á yfirráðasvæði þess geri ársreikninga og ársskýrslur þar sem fram kemur sérhvert lífeyriskerfi sem stofnunin rekur og, þar sem við á, ársreikningar og ársskýrslur fyrir hvert þeirra. Ársreikningarnir og ársskýrslurnar skulu gefa rétta og sanna mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu stofnunarinnar. Ársskýrslurnar og upplýsingar í skýrslunum skulu vera í fullu samræmi, heildstæðar, rétt fram settar og samþykktar með tilhlýðilegum hætti af aðilum sem til þess hafa heimild í samræmi við innlend lög.

■ 11. gr. Upplýsingar sem ber að veita sjóðfélögum og lífeyrisþegum

□ 1. Sérhvert aðildarríki skal tryggja að sérhver stofnun á yfirráðasvæði þess leggi a.m.k. fram þær upplýsingar sem settar eru fram í þessari grein, eftir því hvers eðlis lífeyriskerfið er sem komið er á fót.

□ 2. Sjóðfélagar og lífeyrisþegar og/eða, þar sem við á, fulltrúar þeirra skulu fá:

a) að fenginni beiðni, ársreikningana og ársskýrslurnar, sem um getur í 10. gr., og, þegar stofnun ber ábyrgð á fleiri en einu kerfi, þá ársreikninga og þær ársskýrslur sem tengjast tilteknu lífeyriskerfi,

b) allar viðeigandi upplýsingar um breytingar á reglum lífeyriskerfis innan hæfilegs tímaramma.

□ 3. Yfirlýsing um meginreglur um fjárfestingastefnu, sem um getur í 12. gr., skal vera aðgengileg sjóðfélögum og lífeyrisþegum og/eða, þar sem við á, fulltrúum þeirra að fenginni beiðni.

□ 4. Sérhver sjóðfélagi skal einnig fá, að fenginni beiðni, ítarlegar og greinagóðar upplýsingar um:

a) fyrirhugað stig eftirlauna, ef við á,

b) fjárhæð réttindagreiðslna ef um er að ræða starfslok,

c) í því tilviki að sjóðfélagi beri fjárfestingaáhættuna, hverjir fjárfestingarmöguleikar eru, ef við á, og raunverulegt fjárfestingasamval, auk upplýsinga um áhættu og kostnað að tengdan fjárfestingunum,

d) fyrirkomulag sem tengist yfirfærslu lífeyrisréttinda til annarrar stofnunar um starfstengdan lífeyri ef um er að ræða lok ráðningarsambands.

Sjóðfélagar skulu árlega fá stutt yfirlit yfir stöðu stofnunarinnar og einnig hvert núverandi fjármögnunarstig áunninna réttinda hvers og eins er.

□ 5. Við lífeyrisaldur eða þegar réttur til útgreiðslu annarra réttinda skapast skal sérhver lífeyrisþegi fá viðeigandi upplýsingar um réttindi sem koma eiga til útgreiðslu og valmöguleika um útgreiðslu þeirra.

■ 12. gr. Yfirlýsing um meginreglur um fjárfestingastefnu

□ Sérhvert aðildarríki skal tryggja að sérhver stofnun á yfirráðasvæði þess semji og endurskoði að lágmarki á þriggja ára fresti skriflega yfirlýsingu um meginreglur í fjárfestingastefnu. Þessa yfirlýsingu skal endurskoða tafarlaust ef orðið hafa umtalsverðar breytingar á fjárfestingastefnunni. Aðildarríkin skulu kveða á um að þessi yfirlýsing hafi a.m.k. að geyma efni á borð við aðferðir við mælingu á fjárfestingaáætlu, ferlin sem komið hefur verið á við áhættustjórnun og skipulagða eignaskiptingu að því er varðar eðli og gildistíma lífeyrisskuldbindinga.

■ 13. gr. Upplýsingar sem ber að veita lögbærum yfirvöldum

□ Sérhvert aðildarríki skal tryggja að lögbær yfirvöld hafi nauðsynlegar heimildir og leiðir að því er varðar hverja þá stofnun á yfirráðasvæði þess:

a) til að krefjast þess að stofnunin, stjórn og stjórnarmenn eða aðilar sem stýra stofnuninni veiti upplýsingar um öll viðskiptaleg málefni eða framsendi öll viðskiptaskjöl,

b) til að hafa eftirlit með tengslum milli stofnunarinnar og annarra félaga eða milli stofnana þegar þær flytja starfs svið til þessara félaga eða stofnana (utankaup) og hafi þannig áhrif á fjárhagsstöðu stofnunarinnar eða skipti verulegu máli vegna skilvirks eftirlits,

c) til að fá reglubundið yfirlýsingu um meginreglur um fjárfestingastefnu, ársreikninga og ársskýrslur og öll skjöl sem nauðsynleg eru vegna eftirlits með starfsemi. Þetta geta m.a. verið skjöl á borð við:

i) innri árschlutaskýrslur,

ii) tryggingafræðilegt virðismat og ítarlegar forsendur þess,

iii) kannanir á eignum og skuldbindingum,

iv) staðfesting á því að stofnunin fylgi meginreglum um fjárfestingastefnu,

v) staðfesting á því að framlög hafi verið greidd samkvæmt áætlun,

vi) skýrslur þeirra einstaklinga sem bera ábyrgð á endurskoðun ársreikninganna sem um getur í 10. gr.,

d) til að annast vettvangsskoðun á athafnasvæði stofnunarinnar og, þar sem við á, þar sem starfssvið hafa verið utankeypt til að ganga úr skugga um hvort starfsemi fari fram í samræmi við eftirlitsreglur.

■ 14. gr. Vald lögbærra yfirvalda til íhlutunar og skyldur þeirra

□ 1. Lögbær yfirvöld skulu krefjast þess að sérhver stofnun á yfirráðasvæði þeirra hafi traust stjórnunar- og bókhaldsfyrirkomulag og fullnægjandi innra eftirlitskerfi.

□ 2. Lögbær yfirvöld skulu hafa vald til þess að gera hvaða ráðstafanir sem er annaðhvort beint gagnvart stofnun á yfirráðasvæðum þeirra eða aðilunum sem reka stofnunina, m.a., þar sem við á, viðeigandi og nauðsynlegar ráðstafanir sem

eru stjórnunar- eða fjárhagslegs eðlis til að koma í veg fyrir eða ráða bót á vanrækslu sem skaðar hagsmuni sjóðfélaga og lífeyrisþega.

Þau geta einnig takmarkað eða bannað frjálsa ráðstöfun stofnunarinnar á eignum sínum, einkum þegar

a) stofnunin hefur ekki getað myndað fullnægjandi tryggingaskuld vegna starfsemi sinnar í heild eða á ekki nógar eignir til að standa undir tryggingaskuldinni,

b) stofnunin á ekki skyldubundinn viðbótarsjóð.

□ 3. Í því skyni að verja hagsmuni sjóðfélaga og lífeyrisþega er lögbærum yfirvöldum heimilt að flytja það vald, sem aðilar sem reka stofnun sem er á yfirráðasvæðum þeirra hafa í samræmi við lög heimaaðildarríkisins, að öllu leyti eða að hluta, til sérstaks fulltrúa sem er hæfur til að fara með þetta vald.

□ 4. Lögbæru yfirvöldin geta bannað eða takmarkað starfsemi stofnunar sem er á yfirráðasvæðum þeirra, einkum ef:

a) stofnunin stendur ekki nægilega vel vörð um hagsmuni sjóðfélaga og lífeyrisþega,

b) stofnunin uppfyllir ekki lengur skilyrði fyrir rekstri,

c) stofnunin bregst alvarlega skyldum sem á henni hvíla samkvæmt gildandi reglum,

d) í því tilviki að starfsemi fari fram yfir landamæri, stofnunin virðir ekki kröfur samkvæmt félagsmála- og vinnulöggjöf í gistaðildarríkinu sem eiga við um starfstengdan lífeyri.

Ákvörðun um að banna starfsemi stofnunar skal ítarlega rökstudd og tilkynnt hlutaðeigandi stofnun.

□ 5. Aðildarríkin skulu tryggja að hægt sé að leita til dómstóla með allar ákvarðanir sem teknar eru um stofnanir samkvæmt lögum og stjórnsýslufyrirmælum sem eru samþykkt samkvæmt þessari tilskipun.

■ 15. gr. Tryggingaskuld

□ 1. Heimaaðildarríkið skal tryggja að stofnanir, sem starfrækja starfstengd lífeyriskerfi, ákvarði ávallt, að því er varðar öll lífeyriskerfi þeirra, fullnægjandi fjárhæð skuldbindinga sem samsvarar fjárhagslegum skuldbindingum sem myndast vegna heildarsafns gildandi lífeyrissamninga.

□ 2. Heimaaðildarríkið skal tryggja að stofnanir, sem starfrækja starfstengd lífeyriskerfi þar sem boðnar eru tryggingar gegn áhættu sem tengist ævilíkum manna og/eða ábyrgjast annaðhvort fjárfestingarárangur eða tiltekin réttindi, ákvarði nægilega tryggingaskuld að því er varðar öll þessi kerfi.

□ 3. Útreikningur á tryggingaskuld skal gerður ár hvert. Heimaaðildarríki getur þó heimilað að útreikningur sé gerður einu sinni á þriggja ára fresti ef stofnunin lætur sjóðfélögum og/eða lögbærum yfirvöldum í té vottun eða skýrslu með jöfnun fyrir hvert ár sem líður á milli. Staðfestingin eða skýrslan skal endurspegla leiðréttá þróun tryggingaskuldar og breytingar á þeirri áhættu sem tryggt er.

□ 4. Útreikningur á tryggingaskuld skal framkvæmdur og staðfestur af tryggingafræðingi eða, ef tryggingafræðingur sér ekki um það, af öðrum sérfræðingi á þessu sviði, m.a., í samræmi við innlenda löggjöf, af endurskoðanda á grundvelli tryggingafræðilegra aðferða, sem eru viðurkenndar af lögbærum yfirvöldum í heimaaðildarríkinu, í samræmi við eftirfarandi meginreglur:

a) lágmarksfjárhæð tryggingaskuldar skal reiknuð út samkvæmt nægilega varfærnu tryggingafræðilegu mati, að teknu tilliti til allra skuldbindinga vegna réttinda og vegna framlaga í samræmi við lífeyrisfyrirkomulag stofnunarinnar.

Hún skal nægja bæði fyrir lífeyri og áframhaldandi útgreiðslum réttinda sem komið hafa til útgreiðslu til lífeyrisþega og jafnframt endurspeglar skuldbindingar vegna áunninna lífeyrisréttinda lífeyrisþega. Efnahagslegar og tryggingafræðilegar forsendur, sem valdar eru fyrir mat á skuldbindingum, skulu einnig valdar með varfærni og tillit skal tekið til, ef við á, viðeigandi svigrúms vegna óhagstæðs fráviks,

b) hámarksvextir skulu valdir með varfærni og ákvarðaðir í samræmi við allar viðeigandi reglur í heimaaðildarríkinu. Þessir varfærnu vextir skulu ákvarðaðir með hliðsjón af:

– ávöxtun samsvarandi eigna sem stofnunin á og með hliðsjón af framtíðarfjárfestingatekjum og/eða

– markaðsávöxtun hágæðaskuldabréfa eða ríkisskuldabréfa,

c) töflurnar um áhættu sem tengist ævilíkum manna, sem notaðar eru til útreiknings á tryggingaskuld, skulu byggðar á varfærnisreglum með hliðsjón af megineinkennum sjóðfélagaþópsins og lífeyriskerfanna, einkum væntra breytinga á þeirri áhættu sem um er að ræða,

d) aðferðin og grunnurinn við útreikning á tryggingaskuld skulu að öllu jöfnu vera óbreytt milli fjárhagsára. Þeim má þó breyta með því að færa rök fyrir því að breyting hafi orðið á lagalegum, lýðfræðilegum eða efnahagslegum aðstæðum sem liggja til grundvallar forsendunum.

□ 5. Aðildarríkið getur sett aukin og ítarlegri skilyrði um útreikning á tryggingaskuld í því skyni að tryggja að hagsmunir sjóðfélaganna og lífeyrisþeganna séu varðir með fullnægjandi hætti.

□ 6. Í því skyni að samræma betur reglur um útreikning á tryggingaskuld sem unnt er að færa rök fyrir, einkum um vaxtastig og aðrar forsendur sem hafa áhrif á fjárhæð tryggingaskuldar, skal framkvæmdastjórnin gefa út skýrslu á tveggja ára fresti eða að beiðni aðildarríkis um það með hvaða hætti starfsemi yfir landamæri þróast.

Framkvæmdastjórnin skal gera tillögu um nauðsynlegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir hugsanlega röskun vegna mismunandi vaxtastigs og til að verja hagsmuni lífeyrisþega og sjóðfélaga að kerfum.

■ 16. gr. Fjármögnun tryggingaskuldar

□ 1. Heimaaðildarríkið skal krefjast þess að sérhver stofnun hafi ávallt yfir að ráða nægum og viðeigandi eignum til að standa undir tryggingaskuld að því er varðar öll lífeyriskerfi sem starfrækt eru.

□ 2. Heimaaðildarríkið getur heimilað að stofnun hafi ekki nægar eignir til að standa undir tryggingaskuld í takmarkaðan tíma. Í slíku tilviki skulu lögbær yfirvöld krefjast þess að stofnunin samþykki raunhæfa og framkvæmanlega endurreisnaráætlun til þess að tryggja að farið sé aftur að kröfunum sem gerðar eru í 1. mgr. Eftirfarandi reglur skulu gilda um áætlunina:

a) stofnunin skal gera raunhæfa og framkvæmanlega áætlun um það hvernig eignir munu ná tilskilinni fjárhæð til að standa undir tryggingaskuld innan tilskilins tíma. Áætlunin skal vera tiltækt sjóðfélögum eða, þegar við á, fulltrúum þeirra og/eða vera með fyrirvara um samþykki lögbærra yfirvalda í heimaaðildarríkinu,

b) þegar áætlunin er gerð skal tekið til tillit til sérstakra aðstæðna stofnunarinnar, einkum samsetningu eigna/skulda, áhættustefnu, lausafjáraætlunar, aldursdreifingar sjóðfélaga sem eiga rétt á eftirlaunum, nýstofnaðra kerfa og kerfa sem færast frá því að vera ekki fjármögnuð eða fjármögnuð að hluta yfir í það að vera fjármögnuð að fullu,

c) ef til þess kemur að hætt er með lífeyriskerfi á tímabilinu sem um getur framar í þessari málsgrein skal stofnunin tilkynna það lögbærum yfirvöldum í heimaaðildarríkinu. Stofnunin skal fastsetja málsmeðferð til þess að flytja eignir og samsvarandi skuldir til annarrar fjármálastofnunar eða sambærilegs aðila. Lögbær yfirvöld heimaaðildarríkisins skulu upplýst um þessa málsmeðferð og almennt ágríp hennar skal vera aðgengilegt sjóðfélögum eða, þar sem við á, fulltrúum þeirra í samræmi við meginregluna um trúnaðarskyldu.

□ 3. Ef um er að ræða starfsemi yfir landamæri, sem um getur í 20. gr., skal tryggingaskuld ávallt fjármögnuð að fullu í öllum lífeyriskerfum sem starfrækt eru. Ef þessi skilyrði eru ekki uppfyllt skulu lögbær yfirvöld heimaaðildarríkisins hlutast í samræmi við 14. gr. Til þess að fara að þessari kröfu getur heimaaðildarríkið krafist þess að eignum og skuldum sé haldið aðgreindum.

■ 17. gr. Lögbóðið eigið fé

□ 1. Heimaaðildarríkið skal tryggja að stofnanir, sem starfrækja lífeyriskerfi, þar sem stofnunin sjálf en ekki aðildarfyrirtækið tekur að sér skuldbindingu gagnvart áhættu sem tengist ævilíkum manna eða ábyrgist tiltekinn fjárfestingarárangur eða tiltekin réttindi, hafi yfir að ráða varanlegum viðbótareignum umfram tryggingaskuld til að verjast sveiflum. Umrádd fjárhæð skal endurspeglar tegund áhættu og eignagrunn allra þeirra kerfa sem starfrækt eru. Þessar eignir skulu vera án allra fyrirsjáanlegra skuldbindinga og mynda öryggisfjármagn til að jafna út mismun á ætluðum og raunverulegum kostnaði og hagnaði.

□ 2. Við útreikning á lágmarksfjárhæð viðbótareignanna skulu reglur, sem mælt er fyrir um í 27. og 28. gr. tilskipunar 2002/83/EB, gilda.

□ 3. Ákvæði 1. mgr. skulu þó ekki koma í veg fyrir að aðildarríki krefjist þess af stofnunum á yfirráðasvæði þeirra að þær hafi yfir að ráða lögbóðnu eigin fé eða setji ítarlegri reglur að því tilskildu að þær séu rökstuddar út frá varfærnisþjóarmiði.

■ 18. gr. Fjárfestingareglur

□ 1. Aðildarríki skulu krefjast þess að stofnanir á yfirráðasvæðum þeirra fjárfesti í samræmi við varfærnisregluna (prudent person rule), einkum í samræmi við eftirfarandi reglur:

a) við fjárfestingar í eignum skal hafa hagsmuni sjóðfélaga og lífeyrisþega að leiðarljósi. Ef um er að ræða hugsanlegan hagsmunaárekstur skal stofnunin eða einingin sem stýrir safni hennar sjá til þess að fjárfestingin sé eingöngu í þágu sjóðfélaga og lífeyrisþega,

b) fjárfest skal í eignum með þeim hætti að öryggi, gæði, lausafjárstaða og arðsemi safnsins í heild sé tryggt.

Við fjárfestingar í eignum til jöfnunar á móti tryggingaskuld skal hafa hliðsjón af eðli og tímallengd væntanlegra eftirlauna í framtíðinni,

c) fyrst og fremst skal fjárfest með eignum á skipulegum mörkuðum. Fjárfesting í eignum, sem eru ekki skráðar á skipulegum fjármálamarkaði, verður ávallt að vera innan varfærnismarka,

d) fjárfesting í afleiddum gerningum skal möguleg að því marki sem þeir geta dregið úr fjárfestingaáhættu eða stuðlað að skilvirkri stýringu eignasafnsins. Þá skal meta á varfærnisgrundvelli, með hliðsjón af eigninni sem liggur til grundvallar, og fella inn í matið á eignum stofnunarinnar. Stofnunin

skal einnig forðast óþarfa áhættu gagnvart einum mótaðila og gagnvart annarri notkun afleiðna,

e) eignirnar skulu vera nægilega fjölbreytilegar þannig að komast megi hjá því að treyst sé óþarflega mikið á tiltekna eign, útgefanda eða fyrirtækjasamstæðu og uppsöfnun áhættu í eignasafninu í heild.

Fjárfestingar í eignum, sem eru gefnar út af sama útgefanda eða af útgefendum sem tilheyra sömu samstæðu, skulu ekki leiða til þess að stofnunin lendi í óhóflegri áhættusambjöppun,

f) fjárfesting í aðildarfyrirtækinu skal ekki vera meiri en 5% eignasafnsins í heild og, þegar aðildarfyrirtækið er hluti af samstæðu, skal fjárfesting í fyrirtækjum í sömu samstæðu og aðildarfyrirtækið tilheyri ekki vera yfir 10% eignasafnsins.

Þegar nokkur fyrirtæki greiða til stofnunarinnar skal fjárfesting í þessum aðildarfyrirtækjum vera varfærin og með hliðsjón af nauðsyn þess að dreifingin sé nægjanlega mikil.

Aðildarríkin geta ákveðið að framfylgja ekki kröfunum, sem um getur í e- og f-lið, gagnvart fjárfestingum í ríkis-skuldabréfum.

□ 2. Heimaaðildarríkið skal banna stofnuninni að taka lán eða taka á sig ábyrgð fyrir hönd þriðju aðila. Aðildarríki geta hins vegar heimilað stofnunum að stunda lántökur að nokkru marki, þó einungis til að afla lausafjár og til skamms tíma.

□ 3. Aðildarríkin skulu ekki gera kröfu um að stofnanir á yfirráðasvæði þeirra fjárfesti í tilteknum eignaflokkum.

□ 4. Aðildarríkin skulu ekki skilyrða fjárfestingarákvarðanir stofnunar á yfirráðasvæði þeirra eða forstöðumann fjárfestinga við neins konar fyrirframsamþykki eða kerfisbundna tilkynningarskyldu, sbr. þó 12. gr.

□ 5. Aðildarríkjunum er heimilt, í samræmi við ákvæði 1.–4. mgr., að mæla fyrir um ítarlegri reglur um stofnanir á yfirráðasvæðum þeirra, þar á meðal reglur um magn, að því tilskildu að þær séu rökstuddar út frá varfærmissjónarmiði, til að endurspegla öll lífeyriskerfi sem þessar stofnanir starfrækja.

Aðildarríkjunum er einkum heimilt að beita ákvæðum um fjárfestingar sem eru sambærilegar við ákvæðin í tilskipun 2002/83/EB.

Aðildarríkin skulu þó ekki hindra stofnanir í eftirfarandi atriðum:

a) að fjárfesta fyrir allt að 70% eignanna sem eru til jöfnunar tryggingaskuldar eða alls stofnsins í kerfum þar sem sjóðfélagarnir bera fjárfestingaáhættuna í hlutabréfum, framseljanlegum verðbréfum sem farið er með eins og hlutabréf og fyrirtækjaskuldabréfum, skráðum á skipulegum mörkuðum og að ákveða hlutfallslegt vægi þessara verðbréfa í fjárfestingasamvali þeirra. Aðildarríkjum er þó heimilt, að því tilskildu að slíkt sé rökstutt út frá varfærmissjónarmiði, að nota lægri mörk gagnvart stofnunum sem bjóða lífeyriskjör með langtímavaxtaábyrgð, bera fjárfestingaáhættuna og gangast sjálf í ábyrgðir,

b) að fjárfesta fyrir allt að 30% eignanna sem eru til jöfnunar tryggingaskuldar í eignum sem tilgreindar eru í öðrum gjaldmiðlum en þeim sem skuldbindingarnar eru tilgreindar í,

c) að fjárfesta í áhættufjármagnsmörkuðum.

□ 6. Ákvæði 5. mgr. skulu ekki koma í veg fyrir að aðildarríkin geti krafist þess að stofnanir á yfirráðasvæði þeirra beiti strangari reglum um fjárfestingar, einnig gagnvart einstökum stofnunum, að því tilskildu að þær séu rökstuddar út

frá varfærmissjónarmiði, einkum með hliðsjón af þeim skuldbindingum sem stofnunin gengst undir.

□ 7. Þegar um er að ræða starfsemi yfir landamæri, eins og getur um í 20. gr., geta lögbær yfirvöld í sérhverju gístaðildarríki krafist þess að reglurnar, sem settar eru fram í annarri undirgrein, gildi um stofnunina í heimaaðildarríkinu. Í því tilviki gilda þessar reglur einungis um þann hluta eigna stofnunarinnar sem er sambærilegur starfseminni sem fer fram í tilteknu gístaðildarríki. Þær skulu enn fremur einungis gilda ef sömu eða strangari reglur gilda einnig um stofnanir í gístaðildarríkinu.

Reglurnar, sem um getur í fyrstu undirgrein, eru sem hér segir:

a) stofnunin skal ekki fjárfesta fyrir meira en 30% af þessum eignum í hlutabréfum, öðrum verðbréfum sem farið er með sem hlutabréf og skuldabréfum sem eru ekki skráð á skipulegan markað eða fjárfesta fyrir a.m.k. 70% af þessum eignum í hlutabréfum, öðrum verðbréfum sem farið er með sem hlutabréf og skuldabréfum sem eru skráð á skipulegan markað,

b) stofnunin skal ekki fjárfesta fyrir meira en 5% af þessum eignum í hlutabréfum og öðrum verðbréfum sem farið er með eins og hlutabréf, skuldabréf og aðra peninga- og fjármagnsmarkaðsgerninga sem sama fyrirtæki gefur út, og ekki fyrir meira en 10% af þessum eignum í hlutabréfum og öðrum verðbréfum sem farið er með eins og hlutabréf, skuldabréfum og skuldabréfum sem ekki er verslað með á almennum markaði og öðrum peninga- og fjármagnsmarkaðsgerningum sem fyrirtæki sem tilheyra sömu samstæðu gefa út,

c) stofnunin skal ekki fjárfesta fyrir meira en 30% af þessum eignum í eignum sem tilgreindar eru í öðrum gjaldmiðlum en þeim sem skuldbindingarnar eru tilgreindar í.

Til þess að fara að þessum kröfum getur heimaaðildarríkið krafist þess að eignunum sé haldið aðgreindum.

■ 19. gr. Stjórnun og varsla

□ 1. Aðildarríkin skulu ekki standa gegn því að stofnanir tilnefni forstöðumenn fjárfestinga sem hafa staðfestu í öðru aðildarríki og tilhlýðilegt umboð til að annast þessa starfsemi, til að stýra fjárfestingasamvalinu í samræmi við tilskipun 85/611/EBE, 93/22/EBE, 2000/12/EB and 2002/83/EB og einnig þá sem um getur í 1. mgr. 2. gr. í þessari tilskipun.

□ 2. Aðildarríki skulu ekki standa gegn því að stofnanir tilnefni aðila til vörslu á eignum sínum, vörsluaðila, sem hafa staðfestu í öðru aðildarríki og tilhlýðilegt umboð í samræmi við tilskipun 93/22/EBE eða tilskipun 2000/12/EB eða eru viðurkennd fjárvörslufyrirtæki í skilningi tilskipunar 85/611/EBE.

Ákvæðið sem um getur í þessari málsgrein skal ekki koma í veg fyrir að heimaaðildarríkið geri tilnefningu vörsluaðila eða fjárvörslufyrirtækis lögbodna.

□ 3. Sérhvert aðildarríki skal gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að það geti bannað samkvæmt landslögum, í samræmi við 14. gr., að eignum í umsjón vörsluaðila eða fjárvörslufyrirtækis á yfirráðasvæði þess sé ráðstafað að vild ef heimaaðildarríki stofnunarinnar fer fram á slíkt.

■ 20. gr. Starfsemi yfir landamæri

□ 1. Með fyrirvara um innlenda félagsmála- og vinnulög-gjöf um skipulag lífeyriskerfa, þ.m.t. skylduáðild og niðurstöður almennra kjarasamninga, skulu aðildarríki heimila fyrirtækjum á yfirráðasvæðum sínum að greiða til stofnana um starfstengdan lífeyri sem veitt hefur verið leyfi fyrir í öðrum aðildarríkjum. Þau skulu einnig heimila stofnunum um

starfstengdan lífeyri, sem veitt hefur verið leyfi fyrir á yfirráðasvæðum þeirra, að samþykkja greiðslur frá fyrirtækjum á yfirráðasvæðum annarra aðildarríkja.

□ 2. Um stofnun, sem óskar eftir því að samþykkja greiðslur frá aðildarfyrirtæki á yfirráðasvæði annars aðildarríkis, gildir að lögbær yfirvöld í heimaaðildarríki hennar hafi veitt til þess heimild áður, eins og um getur í 5. mgr. 9. gr. Hún skal tilkynna lögbærum yfirvöldum heimaaðildarríkisins, þar sem henni hefur verið veitt leyfi, að hún hyggist samþykkja greiðslur frá aðildarfyrirtæki á yfirráðasvæði annars aðildarríkis.

□ 3. Aðildarríki skulu krefjast þess að stofnanir á yfirráðasvæði þeirra, sem áforma að fá greiðslur frá fyrirtæki á yfirráðasvæði annars aðildarríkis, leggi fram eftirfarandi upplýsingar þegar þau gefa út tilkynningu skv. 2. mgr.:

- a) gístiaðildarríkið eða gístiaðildarríkin,
- b) heiti aðildarfyrirtækisins,
- c) aðaleinkenni lífeyriskerfisins sem starfrækja skal fyrir aðildarfyrirtækið.

□ 4. Í því tilviki að lögbært yfirvald í heimaðildarríki fær tilkynningu skv. 2. mgr., og ef það hefur ekki ástæðu til að efast um að stjórnskipulag eða fjárhagsstaða stofnunarinnar eða orðstír og fagþekking eða reynsla þeirra aðila sem reka stofnunina séu samrýmanleg rekstrinum sem áformaður er í gístiaðildarríkinu, skal það, innan þriggja mánaða frá því að það fær allar upplýsingar, sem um getur í 3. mgr., senda þessar upplýsingar til lögbærra yfirvalda gístiaðildarríkisins og láta stofnunina vita.

□ 5. Lögbær yfirvöld í gístiaðildarríki skulu, áður en stofnunin hefur rekstur lífeyriskerfis fyrir aðildarfyrirtæki í öðru aðildarríki, og eigi síðar en tveimur mánuðum eftir að þau fá upplýsingarnar sem um getur í 3. mgr., tilkynna lögbærum yfirvöldum í heimaaðildarríkinu, ef við á, um þær kröfur í félagsmála- og vinnulöggjöf sem eiga við um starfstengdan lífeyri og segir til um hvernig lífeyriskerfi, sem fyrirtæki í gístiaðildarríki greiðir til, skuli starfrækt og aðrar reglur sem beita skal í samræmi við 7. mgr. 18. gr. og 7. mgr. þessarar greinar. Lögbær yfirvöld í heimaaðildarríkinu skulu láta stofnuninni í té þessar upplýsingar.

□ 6. Þegar stofnun berst tilkynning, sem um getur í 5. mgr., eða ef engin tilkynning hefur borist frá lögbærum yfirvöldum í heimaaðildarríki þegar sá frestur rennur út, sem kveðið er á um í 5. mgr., er stofnuninni heimilt að hefja rekstur lífeyriskerfisins sem fyrirtæki í gístiaðildarríkinu greiðir til, í samræmi við kröfur félagsmála- og vinnulöggjafar gístiaðildarríkisins sem eiga við um starfstengdan lífeyri og allar reglur sem beita skal í samræmi við 7. mgr. 18. gr. og 7. mgr. þessarar greinar.

□ 7. Um stofnun, sem fyrirtæki í öðru aðildarríki greiðir til, skulu einnig gilda, að því er varðar sambærilega sjóðfélaga allar upplýsingakröfur sem settar eru af lögbærum yfirvöldum í gístiaðildarríkinu um stofnanir í því aðildarríki, í samræmi við 11. gr.

□ 8. Lögbær yfirvöld í gístiaðildarríkinu skulu tilkynna lögbærum yfirvöldum í heimaaðildarríkinu um allar verulegar breytingar á kröfum í félagsmála- og vinnulöggjöf heimaaðildarríkisins sem eiga við um starfstengd lífeyriskerfi sem kunna að hafa áhrif á eiginleika lífeyriskerfisins að því marki sem það snertir rekstur lífeyriskerfisins sem fyrirtæki í gístiaðildarríkinu greiðir til og breytingar á öllum reglum sem verður að beita í samræmi við 7. mgr. 18. gr. og 7. mgr. þessarar greinar.

□ 9. Stofnunin skal sæta stöðugu eftirliti lögbærra yfirvalda í gístiaðildarríkinu þar sem fylgst er með því að starfsemin fari fram í samræmi við kröfur í vinnu- og félagsmálalöggjöf gístiaðildarríkisins sem eiga við um starfstengd lífeyriskerfi, sem um getur í 5. mgr., og upplýsingakröfur sem um getur í 7. mgr. Ef þetta eftirlit leiðir í ljós brot á reglum ber lögbærum yfirvöldum í gístiaðildarríkinu að tilkynna lögbærum yfirvöldum í heimaaðildarríkinu um það tafarlaust. Lögbær yfirvöld í heimaaðildarríkinu skulu, með samþæfingu við lögbær yfirvöld í gístiaðildarríkinu, gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að tryggja að stofnunin láti af hinu uppgötvaða broti á félagsmála- og vinnulöggjöf.

□ 10. Ef stofnunin heldur áfram að brjóta viðeigandi ákvæði í félagsmála- og vinnulöggjöf gístiaðildarríkisins, sem eiga við um svið starfstengdra lífeyriskerfa, þrátt fyrir ráðstafanir sem lögbær yfirvöld í heimaaðildarríkinu hafa gert eða vegna þess að viðeigandi ráðstafanir eru ekki gerðar í heimaaðildarríkinu, er lögbærum yfirvöldum í gístiaðildarríkinu heimilt, eftir að hafa tilkynnt lögbærum yfirvöldum í heimaðildarríkinu um það, að gera viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir eða refsa fyrir frekari brot, þ.m.t. að koma í veg fyrir rekstur stofnunarinnar í gístiaðildarríkinu fyrir aðildarfyrirtækið að því marki sem yfstrustu nauðsyn ber til.

■ 21. gr. Samvinna milli aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar

□ 1. Aðildarríkin skulu tryggja með viðeigandi hætti að beiting þessarar tilskipunar sé samræmd með reglulegum skiptum á upplýsingum og reynslu í því skyni að þróa bestu starfsvenjur á þessu sviði og nánara samstarf og skulu á þann hátt koma í veg fyrir röskun á samkeppni og skapa aðstæður sem nauðsynlegar eru fyrir snuðulausa félagsaðild yfir landamæri.

□ 2. Framkvæmdastjórnin og lögbær yfirvöld í aðildarríkinu skulu hafa nána samvinnu í því skyni að auðvelda eftirlit með rekstri stofnana um starfstengdan lífeyri.

□ 3. Hvert aðildarríki skal skýra framkvæmdastjórninni frá öllum meiri háttar vandkvæðum sem upp kunna að koma við framkvæmd þessarar tilskipunar.

Framkvæmdastjórnin og lögbær yfirvöld þeirra aðildarríkja sem hlut eiga að máli skulu skoða slík vandkvæði svo fljótt sem unnt er til þess að finna viðeigandi lausn.

□ 4. Fjórum árum eftir gildistöku þessarar tilskipunar skal framkvæmdastjórnin leggja fram skýrslu þar sem eftirfarandi atriði hafa verið endurskoðuð:

a) beiting 18. gr. og framfarir sem hafa orðið í aðlögun innlendra eftirlitskerfa og

b) beiting annarrar undirgreinar 2. mgr. 19. gr., einkum aðstæður sem fyrir hendi eru í aðildarríkjum varðandi notkun fjárvörslufyrirtækja og hvaða hlutverki þau gegna þar sem við á.

□ 5. Lögbærum yfirvöldum í gístiaðildarríkinu er heimilt að fara fram á það við lögbær yfirvöld í heimaaðildarríkinu að þau ákveði að halda eignum og skuldum stofnunarinnar aðgreindum, eins og kveðið er á um í 3. mgr. 16. gr. og 7. mgr. 18. gr.

■ 22. gr. Framkvæmd

□ 1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari fyrir 23. september 2005. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun

þegar þær verða birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

□ 2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

□ 3. Aðildarríkjum er heimilt að fresta til 23. september 2010 beitingu 1. og 2. mgr. 17. gr. gagnvart stofnunum á yfirráðasvæði þeirra sem ekki ná lágmarksmörkum um eigið fé sem krafist er skv. 1. og 2. mgr. 17. gr. á þeim degi sem tiltekinn er í 1. mgr. þessarar greinar. Hins vegar er stofnunum, sem æskja þess að starfrækja lífeyriskerfi yfir landamæri í skilningi 20. gr., ekki heimilt að gera það fyrir en þær uppfylla reglur þessarar tilskipunar.

□ 4. Aðildarríkjum er heimilt að fresta til 23. september 2010 að beita f-lið 1. mgr. 18. gr. gagnvart stofnunum á yfirráðasvæði þeirra. Hins vegar er stofnunum, sem æskja þess að starfrækja lífeyriskerfi yfir landamæri í skilningi 20. gr., ekki heimilt að gera það fyrir en þær hlíta reglum þessarar tilskipunar.

■ 23. gr. Gildistaka

□ Tilskipun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

■ 24. gr. Viðtakendur

□ Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

⁽¹⁾ *Stjtið. EB C 96 E, 27.3.2001, bls. 136.* ⁽²⁾ *Stjtið. EB C 155, 29.5.2001, bls.*

26. ⁽³⁾ *Álit Evrópuþingsins frá 4. júlí 2001 (ESB C 65 E, 14.3.2002, bls. 135). Sameiginleg afstaða ráðsins frá 5. nóvember 2002 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 12. mars 2003 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum) og ákvörðun ráðsins frá 13. maí 2003.* ⁽⁴⁾ *Stjtið. EB L 283, 28.10.1980, bls. 23. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2002/74/EB Evrópuþingsins og ráðsins (Stjtið. EB L 270, 8.10.2002, bls. 10).* ⁽⁵⁾ *Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1408/71 frá 14. júní um beitingu almenntryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem flytjast á milli aðildarríkja (Stjtið. EB L 149, 5.7.1971, bls. 2). Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1386/2001 (Stjtið. EB L 187, 10.7.2001, bls. 1).* ⁽⁶⁾ *Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 574/72 frá 21. mars 1972 sem fastsetur málsmeðferð vegna framkvæmdar reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 um beitingu almenntryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem flytjast á milli aðildarríkja (Stjtið. L 74, 27.3.1972, bls. 1). Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 410/2002 (Stjtið. EB L 62, 5.3.2002, bls. 17).* ⁽⁷⁾ *Fyrsta tilskipun ráðsins 73/239/EBE frá 24. júlí 1973 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum til að hefja og reka starfsemi á sviði frumtrygginga annarra en líftrygginga (Stjtið. EB L 228, 16.8.1973, bls. 3). Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/13/EB (Stjtið. EB L 77, 20.3.2002, bls. 17).* ⁽⁸⁾ *Tilskipun ráðsins 85/611/EBE frá 20. desember 1985 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum um fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum (UCITS) (Stjtið. EB L 375, 31.12.1985, bls. 3). Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/108/EB (Stjtið. EB L 41, 13.2.2002, bls. 35).* ⁽⁹⁾ *Tilskipun ráðsins 93/22/EBE frá 10. maí 1993 um fjárfestingarþjónustu á sviði verðbréfavíðskipta (Stjtið. EB L 141, 11.6.1993, bls. 27). Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/64/EB (Stjtið. EB L 290, 17.11.2000, bls. 27).* ⁽¹⁰⁾ *Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/12/EB frá 20. mars 2000 um stofnun og rekstur lánastofnana (Stjtið. EB L 126, 26.5.2000, bls. 1). Tilskipuninni var breytt með tilskipun 2000/28/EB (Stjtið. EB L 275, 27.10.2000, bls. 37).* ⁽¹¹⁾ *Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/83/EB frá 5. nóvember 2002 um líftryggingar (Stjtið. EB L 345, 19.12.2002, bls. 1).*